

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
b.t. skrifstofu umhverfis og orku  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 19. september 2025

## **Efni: Umsögn um áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum**

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum (hér eftir „áformin“) sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda 5. september sl. Með áformunum er áætlað að færa ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum frá heilbrigðiseftirliti til Umhverfis- og orkustofnunar og ábyrgð á eftirliti með matvælum færist frá heilbrigðiseftirliti til Matvælastofnunar (hér eftir „MAST“). FA gerir eftirfarandi athugasemdir.

### **Aukin skilvirkni**

FA fagnar því að það eigi að einfalda verklag og stofnanafargan sem hingað til hefur verið í málaflokknum. Ef rétt verður staðið að breytingunum fæst ekki annað séð en að einföldun verði á regluverki og stjórnsýslu og mun skýrara verði fyrir atvinnulíf, sem og einstaklinga, að átta sig á hvert eigi að leita séu þau með fyrirspurnir eða þurfi aðstoð vegna hollustuhátta, mengunarvarna eða vegna matvæla. Mikilvægt er að eftirlit með hollustuháttum, mengunarvörum og matvælum sé óhlutdrægt og uppfylli hvatvetna á landinu kröfur um gæði og samræmi í framkvæmd.

Markmið breytinganna er að tryggja skilvirka og samræmda stjórnsýslu og líkt og er tekið fram í áformunum hafa komið í ljós ýmsar brotalamir á núverandi kerfi. FA fagnar því breytingunum og telur þetta vera skref í rétta átt. Mikilvægt er að ekki séu gerðar mismunandi kröfur til fyrirtækja eftir því hver fer með eftirlit hverju sinni. Þá eru einnig mýmörg dæmi um að stofnanir bendi hver á aðra þegar kemur að stjórnsýslu, sem gerir atvinnulífi erfitt fyrir. Nýleg dæmi eru úr starfi FA um að MAST bendi á heilbrigðiseftirlitin og öfugt, svo dæmi sé tekið.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur tekið fram að vernda eigi störf sem eru í núverandi heilbrigðiseftirlitum verði áformin að lögum.<sup>1</sup> FA telur að meginmarkmið ráðuneytisins ætti að vera skilvirkni og sparnaður sem skilar samfélaginu lægri stjórnsýslukostnaði en ekki að einblína á varðveislu starfa, verði þau bersýnilega óþörf eða hægt að vinna vinnuna með hagkvæmari hætti. Að mati FA er algjört lykilatriði að breytingarnar skili sparnaði og hagræðingu og lægri kostnaði eftirlitsþega. Félagsmenn FA hafa t.d. ítrekað spurt hvort nauðsynlegt sé að tveir starfsmenn heilbrigðiseftirlits komi í eftirlitsheimsóknir, þegar við blasir að einn ætti að duga.

---

<sup>1</sup> Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna lögð niður, *Vísir*, 2. september 2025, <https://www.visir.is/k/a693acf1-c04a-41fd-a69b-68937d1a845e-1756839911221/heilbrigdiseftirlit-sveitarfelaganna-logd-nidur>

**Gjaldtaka fyrir sýnatökur vegna varnarefnaleifa í matvælum**


Þar sem nú liggur fyrir að gera eigi breytingar í málaflokknum telur FA að ekki sé annað hægt en að vekja athygli á einum þætti er varðar eftirlit með matvælum og varðar gífurlega háan kostnað fyrirtækja af völdum sýnatöku vegna eftirlits með varnarefnaleifum í matvælum. FA hefur kallað eftir endurbótum þegar kemur að þessum þætti í eftirlitinu og hefur átt þrjá fundi með ráðuneytinu (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og síðar matvælaráðuneytinu, nú atvinnuvegaráðuneyti) vegna málsins, auk þess að senda fjölda bréflegra erinda. Ná samskiptin aftur til ársins 2020 en félagið hefur kallað eftir breytingum síðan þá.

Margir félagsmenn FA sæta árlega eftirliti samkvæmt sýnatökuáætlun MAST vegna rannsókna á varnarefnaleifum í matvælum. Í núverandi mynd hafa heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna tekið sýnin og rukka fyrir þá þjónustu skv. opinberri gjaldskrá en ríkisfyrirtækið Matís, sem er tilnefnt opinber rannsóknastofa í fjölda flokka samkvæmt vef MAST, framkvæmir rannsóknirnar samkvæmt samningi við matvælaráðuneytið. Matís er í einokunarstöðu varðandi slíkar sýnatökur hér á landi. Kostnaður vegna rannsókna á hverju sýni var á síðasta ári kominn yfir 130 þúsund krónur. Í tilviki einstakra fyrirtækja getur kostnaðurinn hlaupið á milljónum. FA hefur í samskiptum sínum við ráðuneytið sýnt fram á að gjaldtaka Matís fyrir sýnatökur er margfalt hærri en hjá sambærilegum rannsóknastofum í nágrannalöndunum og hefur tekið miklum hækkunum á undanförunum árum. Þá er rétt að benda á að gjaldskrá Matís er ekki aðgengileg á vef fyrirtækisins. FA telur að kominn sé tími til að leysa úr þessum vanda.

**Lokaorð**

Sem fyrr segir fagnar FA þeim breytingum sem áætlaðar eru með áformunum. Mikilvægt er að sama stjórnarsýsla gangi yfir alla í stað þess að það fari eftir því hvaða heilbrigðiseftirlit er með mál hverju sinni. FA telur löngu tímabært að ráðast í þessar breytingar. FA, sem og félagsmenn FA, eru boðnir og búnir til samstarfs við MAST og ráðuneytið vegna málsins. Að lokum áskilur FA sér rétt að koma fram athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur